

Alþingi
Erindi nr. P 135/22
komudagur 26.10.2007



2007020021
9010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2007
/—

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008

Við er til erindis umhverfisnefndar dags. 18. október 2007 þar sem óskað er umsagnar Skipulagsstofnunar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008.

Í tillögu Skipulagsstofnunar til frumvarps til fjárlaga 2008 sem sent var umhverfisráðuneytinu í febrúar 2007 kom fram eftirfarandi:

1. 14-301. Aukinn launakostnaður - 120 m. kr. í 130 m. kr. eða 10,0 m. kr.
2. 14-301. Aukinn rekstrarkostnaður - Vegna reksturs Skipulagsvefsjár 3,0 m. kr.
3. 14-301. Aukinn rekstrarkostnaður, tímabundinn. 3,0 m. kr.
4. 14-301. Minni sértekjur - 12,0 m. kr. í stað 16,4 m. kr. eða 4,4 m. kr.
5. 14-303. Aukin útgjöld Skipulagssjóðs - 200 m. kr. í stað 150 m. kr. eða 50 m. kr.

Ef aðeins er horft á fjárlagaliðinn 14-301 sem varðar rekstur Skipulagsstofnunar þá var gerð tillaga um 20,4 m. kr.

Í fjárlagafrumvarpinu segir eftirfarandi:

"Gert er ráð fyrir 158,6 m. kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 8 m. kr. hækkun á raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 8 m. kr. fjárveitingu til að bæta við einu stöðugildi vegna stöðugt vaxandi umfangs í starfsemi hennar, en fjöldi mála sem berst til afgreiðslu á hverju ári hefur margfaldast á síðustu árum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkrum minna en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum hvað varðar útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum. Gerð er leiðrétting á því í frumvarpinu með því að lækka hvoru tveggja um 4 m. kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður".

1. Aukinn launakostnaður

Skipulagsstofnun fagnar því að komið er til móts við óskir stofnunarinnar um aukinn launakostnað.

2. Skipulagsvefsjá

Stefnt er að því að opna fyrir almenningi aðgang að upplýsingum um skipulagsmál í öllum sveitarfélögum landsins. Til þess að það verði mögulegt þarf að breyta samningi stofnunarinnar við Loftmyndir ehf þar sem núgildandi samningur gerir einungis ráð fyrir innanhúsnótun á

loftmyndagrunni. Til þess þarf aukna fjárveitingu.

3. Tímabundinn aukinn kostnaður

Á árinu 2008 verða liðin 70 ár frá því stofnað var til forvera Skipulagsstofnunar, 10 ár frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga og á því ári eiga öll sveitarfélög í landinu að hafa gert aðalskipulag fyrir allt land sveitarfélagsins. Skipulagsstofnun stefnir að því að halda 4 málþing á árinu, suðla að útgáfa sögu skipulags á Íslandi, halda ársfund norrænna skipulagsyfirvalda, opna skipulagsvefsjá og ýmislegt fleira til að auka umræðu um skipulagsmál. Því var óskað eftir tímabundinni fjárveitingu.

4. Sértekjur

Rekstrarumfang stofnunarinnar hvað varðar sértekjur vegna mats á umhverfisáhrifum hefur verið minna undanfarin ár heldur en var á þeim tíma sem stofnunin fjallaði um Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði. Á móti hefur komið að það verkefni að taka ákvörðun um matsskyldu framkvæmda var með lagabreytingu árið 2000 fært úr umhverfisráðuneyti til Skipulagsstofnunar. Þar er um að ræða um 40 mál á ári sem ekki er hægt að senda reikning fyrir eins á við um matsáætlanir og álit. Reiknað er með að þar sé um að ræða tæpt ársverk. Þannig hefur rekstrarumfang mats á umhverfisáhrifum ekki minnkað eins og haldið er fram í texta fjárlagafrumvarpsins.

Skipulagsstofnun fagnar því að nú skuli vera komið til móts við óskir stofnunarinnar um lækkaða sértekkjarkröfu en undanfarin 5 ár hefur stofnunin orðið af 32 m. kr. vegna ofáætlaðra sértekna í fjárlögum sem hefur orðið til þess að á sama tíma er búið að gera rúmlega 25 m. kr. höfuðstól að engu sbr. eftirfarandi töflu:

Sértekjur Skipulagsstofnunar 2003 - 2007 í m. kr. á verðlagi hvers árs

	2003	2004	2005	2006	2007 ætli	Samtals
Mismunur	7,3	6,2	9,2	3,8	5,2	

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir 9 m. kr. fjárveitingu í fjárlögum 2007 til þess að brúa þetta bil en ætti í raun kröfu á 32. m. kr.

Tillaga Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun leggur til að komið verði til móts við réttmætar óskir um 20,4 m. kr. viðbót í fjárlögum 2008. Rekstrarumfang vegna mats á umhverfisáhrifum hefur alls ekki minnkað þótt þeim verkefnum hafi fækkað sem hægt er að senda reikning fyrir.


Stefán Thors